UMHVERFIS
STOFNUN

Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpivogur

27. júní 2017
UST201705-122/Þ.B.S.
10.04.03

**Efni: Blábjörg, Djúpavogshreppi – Tillaga að deiliskipulagi. Umsögn**

Vísað er til erindis Sveitarstjórnar Djúpavogshrepps er barst 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar deiliskipulagslýsingar.

**Lýsing framkvæmdar**

Markmið deiliskipulagsins er að leggja grunn að ferðaþjónustu á lögbýli, samhliða hefðbundnum búrekstri. Jörðin Blábjörg er skilgreind sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020. Í meginmarkmiðum aðalskipulagsins kemur fram að stefnt sé að eflingu hliðargreina hefðbundins landbúnaðar. Á jörðinni Blábjörg er um að ræða skipulagssvæði sem er 3.030 $m^2$ að stærð og innan þess þrjár lóðir. Innan hverrar lóðar er afmarkaður byggingarreitur fyrir hús til reksturs gistiþjónustu.

**Niðurstaða**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að öllu raski verði haldið í lágmarki við framkvæmdirnar og að frágangur verði góður við lok verksins.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umræddar lýsingar.

Virðingarfyllst

Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland
+354 591 2000
www.ust.is